

## Leiðbeiningar fyrir akstur hóp bifreiða

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19

1. Á styttri leiðum, innanbæjar, er grímuskylda þann tíma sem ferð varir.
2. Í lengri ferðum er grímuskylda á meðan gengið er að og frá sæti. Farþegar mega taka niður grímu um leið og þeir hafa tekið sæti.
3. Börn fædd 2005 og síðar eru undanskilin grímunotkun.
4. Leiðbeinandi merkingar vegna COVID-19 frá sóttvarnalækni skulu vera við inngang í bifreiðinni (til útprentunar á íslensku og ensku).
5. Handspritt skal vera við inngang sem farþegar eiga að nota þegar þeir koma inn í bifreiðina.
6. Farþegar skulu ganga rólega með góðu millibili inn og út úr bifreið.
7. Farþegar skulu sitja dreift um bifreiðina. Þeir sem eru í nánum tengslum mega sitja saman.
8. Hóp bifreið má aðeins flytja helming þess fjölda farþega sem leyfi er gefið fyrir. (Hóp bifreið með leyfi fyrir 40 farþega má flytja að hámarki 20 farþega o.s.frv.). Þessi regla á ekki við um styttri leiðir en þar gildir grímuskylda þann tíma sem ferð varir.

Bent er á leiðbeiningar á vef embættis landlæknis til starfsfólks í atvinnulífinu varðandi smitgát og þrif og veggspjald um grímunotkun, á íslensku og ensku.

